

Borgarstjórn
3. desember 2019

Tillögur borgarfulltrúa Miðflokksins við frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2020

Miðflokkurinn leggur fram eftirfarandi tillögur að breytingum á fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2020

M-1 Aðstaða fyrir matvæli til að minnka matarsóun

Borgarstjórn samþykkir að fela umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar að kom upp aðstöðu/matartorgi miðsvæðis í Reykjavík fyrir fyrirtæki sem eiga matvæli í lok dags og vilja koma þeim áfram ókeypis í neyslu til að minnka matarsóun. Fyrirhugaður opnunartími yrði í s.l. 1. febrúar 2020.

Áætlaður kostnaður er 5 milljónir króna. Fjármögnun verði af liðnum ófyrirséð, kostn.st. 09205.

Greinargerð:

Mikil matarsóun á sér stað hér á landi sem og í öðrum löndum. Tillaga þessi er sett fram til að taka á því vandamáli. Fjöldmörg fyrirtæki framleiða „matarskammta“ s.s. samlokur, salatbakka, og fleira í þeim dúr, til sölu sem hafa stuttan líftíma. Í mörgum tilfellum er um umboðssölu í verslunum að ræða og taka birgjar matvöruna til baka þegar síðasti sölundagur nálgast og farga í stað þess að koma henni í neyslu. Einnig myndu veitingahús/veitingastaðir sem framleiða matarskammta sem standa eftir í lok dags pakka matvörunni í neyslupakkningar og gefa á matartorgið. Í Reykjavík er hlutfallslega hátt hlutfall af fólki sem býr við sára fátækt og á ekki fyrir mat. Tillagan er því nokkurs konar höfuðborgartillaga til að koma til móts við þennan hóp sem eru m.a. heimilislausir, fólki í neyslu, einstæðir foreldrar, flóttamenn og fleiri. Matartorgið yrði hrein viðbót við þær hjálparstofnanir sem þegar starfa og úthluta mat. Verði tillagan samþykkt þá nær hún tveimur mikilvægum markmiðum: að hjálpa þeim sem minnst mega sín og að minnka matarsóun.

M-2 Hækkun á frístundastyrk

Borgarstjórn samþykkir að hækka upphæð frístundastyrks sem veittur er með frístundakorti Reykjavíkurborgar miðað við hækkun á vísitölu neysliverðs frá 1. janúar 2017 eða um 8,2% og verði 54.000 á barn á ári. Tillagan felur í sér að fjárheimildir íþróttá- og tómstundssviðs verði hækkaðar um 60 m.kr. Kostnaðarauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð, kostn.st. 09205.

Greinargerð:

Frístundakortið er styrkjakerfi í frístundastarfi fyrir 6 - 18 ára börn og unglunga með lögheimili í Reykjavík. Hægt er að nýta sér styrkinn fyrir íþróttá-, lista og tómstundastarf. Meirihluti borgarstjórnar felldi tillögu borgarfulltrúa Miðflokksins á haustdögum 2018 um að hækka frístundakort úr 50.000 krónum í 100.000 krónur. Hinn 1. janúar 2017 var frístundakort hækkað um 42,8% eða úr 35.000 krónum í 50.000 kr. Frístundakortið hefur ekki haldið í við verðlag eins og allar gjaldskrár borgarinnar. Því er það eðlileg krafa að upphæð frístundakortsins haldist í hendur við aðrar sjálfkrafa hækkanir úr því meirihlutinn gat ekki fallist á að hækka kortið einhliða. Áætlaður útgjaldaauki að fjárhæð 60 m.kr. miðar við þá fjárheimild sem til ráðstöfunar er fyrir frístundakortið hjá íþróttá- og tómstundasviði.

M-3 Niðurfelling á útsvari 67 ára og eldri sem eingöngu njóta greiðslna frá Tryggingastofnun

Borgarstjórn samþykkir að fella niður útsvar hjá þeim Reykvíkingum 67 ára og eldri sem njóta eingöngu greiðslna frá Tryggingastofnun og hafa ekki greiðslur úr skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum. Tillagan felur í sér að útsvarstekjur lækki um sem nemur 237,3 m.kr. Tekjulækkun verði fjármögnuð af liðnum ófyrirséð, kostn.st. 09205.

Greinargerð:

Sveitarfélög leggja á útsvar og í fjárhagsáætlun fyrir 2020 er áætlað að Reykjavíkurborg leggi á hæsta mögulega útsvar eins og undanfarin ár, eða 14,52%. Tekjuskattslögin eru þannig uppbyggð að fyrstu tæplega 15% álagningarinnar fari til sveitarfélaganna og þegar því er náð fer fólk fyrst að borga tekjuskatt til ríkissins. Heimild þessi er sótt í 25. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga en hún hljóðar svo: „Sveitarstjórn er heimilt að taka til greina umsókn manna um lækkun eða niðurfellingu álagðs útsvars þegar svo stendur á telji hún ástæðu til að veita frekari lækkun en ríkisskattstjóri veitti við afgreiðslu á umsókn um lækkun útsvarsstofns. Á sama hátt getur sveitarstjórn lækkað eða fellt niður álagt útsvar þeirra sem nutu bóta skv. III. kafla laga um almannatryggingar og lögum um slysatryggingar almannatrygginga.

Í 2. mgr. fyrrgreindrar 25. gr. segir að ríkisskattstjóri skuli veita sveitarstjórn aðgang að skattframtölum hlutaðeigandi einstaklinga, svo og veita henni þær upplýsingar sem nauðsynlegar teljast. Sveitarstjórn skal tilkynna lækkun útsvars til ríkisskattstjóra og innheimtuaðila og hlutaðeigandi einstaklings.

Þessi tillaga er kvenlæg því konur eru í meirihluta þessa hóps. Á árum áður voru þær ekki á vinnumarkaði og höfðu þar að leiðandi ekki tækifæri á að safna upp lífeyrisréttindum eins og karlmenn á sama aldri. Það eru breyttir tímar og nú þurfa bæði kyn að vinna fullan vinnudag til að ná endum saman og lögbundinn lífeyrissparnaður hleðst upp þar til lífeyrisaldri er náð. Við eigum að sýna því fólki sem undir þennan hóp falla þá virðingu að hætta að rukka útsvar af þeirri lágu upphæð sem til fellur frá Tryggingastofnun. Sveitarfélögin eru nú þegar með undanþágu frá fasteignagjöldum vegna lágra tekna. Ekkert er því til fyrirstöðu að fara sömu leið varðandi útsvarið. Áætluð tekjulækkun er metin að lágmarki að fjárhæð 237,3 m.kr. af fjármála- og áhættustýringarsviði Reykjavíkurborgar og gerir ráð fyrir því að um 543 einstaklingar myndu eiga rétt á niðurfellingu.